

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 709/2000, um tollmeðferð póstsendinga.

1. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Póststarfsmanni er heimilt, í viðurvist tollvarðar, að opna póstbökkul sem kemur erlendis frá í því skyni að afla vörureiknings til að byggja á útreikning aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 33. gr. laga nr. 142/1996 um pósthjónustu, ef viðtakandi hefur gefið póstflytjanda skriflega heimild til þess. Um þagnarskyldu póststarfsmanna fer eftir lögum um pósthjónustu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 107. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 28. mars 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.